

Nd.

509. Breytingartillaga

við frumv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Ívarssyni.

Við 10. gr. Síðari másl. 4. málsg. orðist svo: Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er hærra eða lægra en hið algenga flutningsgjald, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er hærri eða lægri en algengur sendingarkostnaður, skal allt að einu hið algenga flutningsgjald, eða annar algengur sendingarkostnaður, lagt til grundvallar við ákvörðun verðtolls. Með algengu flutningsgjaldi og sendingarkostnaði er átt við það, sem algengt er að greiða af vörum til Reykjavíkur á hverjum tíma.